

Norðurá bs.  
Skagfirðingabraut 17  
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 29. júní 2020  
UST202003-032/S.M.  
08.14.02

### **Fyrra reglubundið eftirlit á urðunarstað Norðurár í Stekkjarvík**

Þann 20. maí sl. fór fram fyrra reglubundið eftirlit á urðunarstað Norðurár í Stekkjarvík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.


Rekstraraðili hefur unnið eftir samþykktri úrbótaáætlun frá 6. nóvember 2019 varðandi eldra frávik frá gr. 3.3 í starfsleyfi er varðar virkni hreinsivirkis. Áætluð verklok voru 31. maí sl., tafir hafa orðið á verkinu og óskar Umhverfisstofnun því eftir uppfærðri úrbótaáætlun varðandi þetta frávik.

#### **Eitt frávik kom fram í eftirliti nú er varðar:**

1. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Skráningar vegna tl. 2.-7. og 9.-13 í gr. 5.1 í starfsleyfi sem skila átti fyrir 1. maí sl., sbr. og gr. 5.4 hafa ekki borist.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 22. júlí 2020.**

Virðingarfyllst

  
Sigríður Magnúsdóttir

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra

  
Gottskálk Friðgeirsson

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurá bs. Stekkjarvík



Dags eftirlits	20.5.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Norðurá bs.	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Skagfiröingabraut 17	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	5602060620	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Fannar Viggósson	ÍSAT nr.	38.21
Fulltrúi fyrirtækis	Magnús B. Jónsson	Staðsetning	441620,709      580284,876

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram eitt frávik er varðar skil á skráningum. Enn er opið frávik vegna hækkaðra gilda á olíu og fitu í sigvatni og er unnið að úrbótum. Frávikum vegna magns úrgangs, mælibrunna fyrir grunnvatn, mælingar á yfirborðsvatni og samráðsfund telst lokið.

## UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið fyrra eftirlit á urðunarstað Norðurár í Stekkjarvík og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar
2. Niðurstöður síðasta eftirlits
3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
4. Skráning olíugeyma skv. reglugerð nr. 884/2017
5. Kynning á verlagsreglum vegna sóttmengaðra dýrahraða
6. Önnur mál
7. Skoðunarferð um urðunarstaðinn

Farið var yfir stöðuna á urðunarstaðnum, magnトルur úrgangs, áhrif COVID-19 faraldursins og opin frávik. Á urðunarstaðnum í Stekkjarvík er heimilt að urða allt að 21.000 tonnum af almennum og óvirkum úrgangi, árið 2019 voru urðuð 20.246 tonn og 5.835 tonn voru endurnýtt í yfirlag við daglegan frágang í urðunarreininni. Rætt var um áhrif COVID-19 faraldursins á starfsemina á urðunarstaðnum og fram kom að nokkur aukning hefði verið t.d. í urðun endurvinnsluefnis vegna tilmæla Umhverfisstofnunar um að sílkt efni skyldi geyma í tvær vikur áður en það væri meðhöndlað, eða urðað, vegna smithættu. Starfsmenn unnu jafnframt á mismunandi vöktum sem hittust ekki og unnu eftir verlagsreglum um smithættu af úrgangi vegna faraldursins.

Í eftirlitum 2019 kom fram frávik er varðaði styrk á olíu og fitu í sigvatni neðan hreinsivirkis. Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila stóð til að taka annað sýni í sigvatninu í apríl 2020 og taka síðan ákvörðun um framhaldið. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila frestaðist sýnatakan vegna COVID-19 faraldursins þar sem erfiðlega gekk að fá sýnaglöð til verksins en úr því verði bætt við fyrsta tækifæri. Rekstraraðili hefur einnig sótt um breytingar á starfsleyfi til Umhverfisstofnunar m.a. vegna aukins magns úrgangs.

Farið var yfir áhættumat fyrir urðunarstaðinn, en skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun að ákvörða tíðni eftirlitsferða út frá umhverfisáhættu starfsemi sem heyrir undir eftirliti stofnunarinnar. Niðurstöður áhættumats ársins 2019 voru grunnur að eftirlitsáætlun ársins 2020 og flokkast Norðurá í áhættuflokk A sem er reglubundið eftirlit einu sinni á ári eða oftar. Áhættumat eftirlits er endurskoðað árlega.

Í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi er áhersluverkefni í ár hjá Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndum að skrá alla neyslu-, húsa-, bryggju- og lausageyma í samræmi við ákvæði reglugerarinnar. Óskað hefur verið eftir upplýsingum frá rekstraraðili um þá eldsneytisgeyma sem staðsettir eru á urðunarstaðnum.

Kynnt voru drög að verkferli um sóttmenguð dýrahrað sem Umhverfisstofnun og Matvælastofnun hafa unnið og eru í samræmi við ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir dýra og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, sbr. og rg. nr. 674/2017. Samkvæmt reglugerðinni er almennt ekki heimilt að urða sóttmenguð dýrahrað, sér í lagi í áhættuflokk 1 og 2, nema að undangenginni brennslu eða þrýstisæfingu. Umhverfisstofnun sem lögbært yfirvald hvað varðar 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 getur veitt undanþágu til urðunnar tiltekinna aukaafurða dýra í ákveðnum tilvikum, þó háð frekari skilyrðum. Fram kom að rekstraraðili hefði tekið upp það verklag að berist beiðni um urðun sóttmengaðra dýrahraða óskar hann eftir staðfestingu á að undanþága frá Umhverfisstofnun liggi fyrir.

Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar skil á skráningum, en ekki hafa borist skráningar vegna tl. 2.-7. og 9.-13 í gr. 5.1 í starfsleyfi.


Að fundi loknum var farið í skoðunarferð um urðunarstaðinn og ekki var tilefni til athugasemda.

**Frávik frá**

**Lýsing á fráviki**

gr. 5.1 í starfsleyfi

Skráningar vegna tl. 2.-7. og 9.-13. í gr. 5.1 í starfsleyfi sem skila átti fyrir 1. maí sl., sbr. og gr. 5.4, hafa ekki borist.



**1 Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2 Ábending:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 29.06.2020

*Sigríður Magnúsdóttir*

Sigríður Magnúsdóttir

bls. 4